



Fréttabréf Greiningardeildar

Desember 2024
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – desember 2024

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2.	3	4	5	6
	Viðskiptajöfnuður við útlönd á 3F (HAG)	Fundargerð peningastefnunar (SÍ) Yfirlýsing fjármálastöðugleikaneftar (SÍ)		Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
9	10	11	12	13
	Brottfarir um Keflavíkurlugvöll í nóv. (FMST) Skráð atvinnuleysi í nóv. (VMST)	Verðbólga í Bandaríkjunum	Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Evrópu	
16	17	18	19	20
	Vísitala íbúðaverðs í nóv. (HMS) Greiðslumiðlun í nóv. (SÍ)	Vísitala leiguverðs í nóv. (HMS) Velta skv. VSK-skýrslum í sep-okt. (HAG) Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Bandaríkjanna Verðbólga í Bretlandi	Vísitala neysluverðs í des. (HAG) Vaxtaákv. hjá Englandsbanka	Hagvísar birtir (SÍ)
23	24	25	26	27
30	31			




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,09% á milli mánaða í nóvember og lækkaði ársverðbólga úr 5,1% í 4,8%. Árshækkun vísitölnunnar án húsnæðis og kjarnavísitölu 1 og 2 lækkaði á milli mánaða, en árshækkun kjarnavísitölu 4 hækkaði.

Hagsjá: Verðbólga yfir væntingum í nóvember


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Nóvembermæling VNV var hærri en við áttum von á, en við spáðum 0,13% lækkun á vísitölunni á milli mánaða og að ársverðbólga myndi lækka í 4,5%. Helsta ástæða spáskekkjunnar er reiknuð húsaleiga sem hækkaði nokkuð á milli mánaða, en við áttum von á smávægilegri lækkun. Auk þess lækkaði matarkarfan aðeins á milli mánaða en við spáðum smávægilegri hækkun, nýir bílar hækkuðu í verði en við áttum von á smá lækkun og liðurinn tómstundir og menning hækkuðu meira en við gerðum ráð fyrir.

Framlag undirliða í nóvember



Nóvembermælingar VNV

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Stærsta breyting á samsetningu ársverðbólgu á milli mánaða var að framlag reiknaðrar húsaleigu til ársverðbólgu lækkaði. Skýrist þetta af því að reiknuð húsaleiga hækkaði minna núna en í fyrra, um 0,9% á milli mánaða núna en um 2,1% í nóvember í fyrra. Framlag innfluttrar vöru, þjónustu og húsnæðis til ársverðbólgu lækkaði á milli mánaða, en framlag innlendarar vöru hækkaði.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.

Heimild: Hagstofa Íslands




Horfur næstu mánuði

Við eigum von á að ársverðbólga verði 4,6% í desember, 4,5% í janúar og 4,0% í febrúar. Spáin er nokkuð hærri en síðasta spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni, en þá spáðum við 4,3% í desember, 4,1% í janúar og 3,5% í febrúar. Munurinn milli spáa skýrist helst af tvennu. Annars vegar hækkar spáin til næstu þriggja mánaða vegna þess að nóvembertalan var hærri en við væntum og hins vegar gerum við nú ráð fyrir meiri hækkunum á reiknaðri húsaleigu en áður. Það er ekki komin mikil reynsla á mælingar Hagstofunnar á reiknaðri húsaleigu og því vandasamt að spá fyrir um þann lið.


Verðbólguþpár

Breyting milli mánaða



Verðbólguþpár

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd lækkaði vexti um 0,50 prósentustig á fundi sínum í nóvember og eru meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, eftir ákvörðunina 8,50%. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar okkar. Næsta vaxtaákvörðun verður miðvikudaginn 5. febrúar 2025 og munu því líða 12 vikur á milli ákvarðana.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
9. feb. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, KÓ			+0,75%	2,75%
4. maí 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+1,00%	3,75%
22. jún. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+1,25%)		+1,00%	4,75%
24. ágú. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+1,00%)		+0,75%	5,50%
5. okt. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+0,25%	5,75%
23. nóv. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+0,50%)		+0,25%	6,00%
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	HS (+0,75%)		+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS(óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024					-0,50%	8,50%

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,18% á milli mánaða í október. Við það lækkaði árshækkun vísitölunnar úr 9,5% í 8,7%. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð sem árshækkun vísitölunnar lækkar á milli mánaða, en árshækkun hennar fór hæst í 11,0% í júlí í þessum kúfi. Árshækkunin er mjög svipuð á höfuðborgarsvæðinu (8,6%) og á landsbyggðinni (8,5%). Áfram eru íbúðaverðshækkanir á ársgrundvelli þó nokkuð umfram hækkanir á almennu verðlagi. Grindavíkurráhrifin eru líklega tekin að fjara út þar sem íbúðasala hefur dregist saman síðustu mánuði.

Hagsjá: Rólegri taktur á íbúðamarkaði?


Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Undirritaðir kaupsamningar

Fjöldi samninga




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Í lok nóvember var álagið 3,6% til tveggja ára (-0,2% í mánuðinum), 3,7% til fimm ára (-0,1% í mánuðinum) og 3,6% til tíu ára (-0,1% í mánuðinum). Álagið til fimm ára eftir fimm ár var 3,5% (-0,1% í mánuðinum) í lok mánaðarins.



Raunstýrivextir


Raunstýrivextir hafa hækkað það sem af er ári á alla mælikvarða. Miðað við liðna verðbólgu eru raunstýrivextir 4,3% og hafa hækkað um 2,8 prósentustig síðan um áramót. Miðað við verðbólguvæntingar eru raunstýrivextir á milli 5,1% og 5,3%.



Verg landsframleiðsla


Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar dróst landsframleiðsla saman um 0,5% að raunvirði á þriðja ársfjórðungi og um 1,0% fyrstu níu mánuði ársins. Innlend eftirspurn jókst á milli ára, aðallega vegna aukinnar samneyslu og íbúðafjárfestingar. Bæði útflutningur og innflutningur drógust saman á milli ára, en framlag utanríkisverslunar var til lækkunar á hagvexti sem skýrir að landsframleiðsla hafi dregist saman þótt innlend eftirspurn hafi aukist á milli ára.

Hagsjá: 0,5% samdráttur á þriðja ársfjórðungi




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,4% í október og er 0,2% hærra en í október í fyrra. Skráð atvinnuleysi hefur verið á milli 0,2 og 0,4 prósentustigum hærra en árið áður síðustu níu mánuði.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 110 mö.kr. í október og jókst um 6,7% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Október var tólfti mánuðurinn í röð sem greiðslukortavelta heimilanna jókst á milli ára, en hún dróst síðast saman á milli ára í september í fyrra. Innland kortavelta jókst um 2,7% á milli ára en erlendis jókst hún um 21,9%. 24% af veltunni átti sér stað erlendis.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán innlánastofnana voru 13 ma.kr. í október. Þar af voru hrein ný verðtryggð lán 26 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 13 ma.kr. Á fyrstu tíu mánuðum ársins voru hrein ný verðtryggð lán innlánastofnana 207 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 108 ma.kr.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Vöru- og þjónustujöfnuður var jákvæður um 64,5 ma.kr á þriðja fjórðungi í ár, en þriðji ársfjórðungi er jafnan sá fjórðungur sem kemur best út. Þetta er þó 6,1 ma.kr. lakari niðurstaða en á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Á fyrstu níu mánuðum ársins var 8,1 ma.kr. afgangur af vöru- og þjónustu, sem er 52,7 ma.kr. minni afgangur en á sama tímabili í fyrra.




Staðan í ferðaþjónustu

213 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlflugvöll í október, sem er 4,9% aukning á milli ára. Á fyrstu tíu mánuðum ársins voru brottfarir 1.957 þúsund, sem eru 1,4% fleiri en á sama tíma í fyrra. Í október jókst erlend kortavelta innanlands um 7,7% á milli ára á föstu verðlagi og 9,2% á föstu gengi.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum




Kortavelta á föstu verðlagi raunvirt með VNV án húsnæðis, fast gengi raunvirt með GVT.

Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti evru en veiktist á móti Bandaríkjadal í nóvember. Í lok mánaðarins stóð evran í 145,7 (-2,1% innan mánaðar) og Bandaríkjadalur í 139,0 (+0,8% innan mánaðar). Krónan hefur ekki verið sterkari á móti evru síðan í október 2023.



Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum. Seðlabankinn greip ekki inn í þá styrkingu sem átti sér stað í nóvember.




Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóðanna fyrstu átta mánuði ársins eru 51 ma.kr., sem er aðeins minna en á sama tíma í fyrra þegar þeir höfðu keypt 68 ma.kr. og á sama tíma 2022, þegar þeir höfðu keypt 59 ma.kr.


Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Ma.kr.



Uppsöfnuð kaup innan árs

Ma.kr.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).